

Kennsluáætlun veturinn 2019-2020

Námsgrein: Stærðfræði

Árgangur/bekkur: 2011

3. bekkur.

Kennarar: Sigríður Bjarney Guðnadóttir

Námsefni:

- Sproti 3a og 3b, nemendabók og æfingarbók
- Aukabækur:
 - Í undirdjúpunum, frádráttur og margföldun
 - Viltu reyna?
 - Húrrahefti
- Ljósrit; bækur og blöð sem ýtarefni þar sem við á.

Bækurnar:

- Sprota bækurnar eru mjög myndrænar bækur þar sem lögð er áhersla á margs konar kennsluáferðir og misþung verkefni. Markmiðin eru skýr og hvert viðfangsefni tekið fyrir á fjölbreyttan hátt. Textar eru stuttir og auðlesnir.
- Bókarflokkurinn Í undirdjúpunum eru æfingahefti í stærðfræði fyrir yngsta stig grunnskóla. Í undirdjúpunum – Samlagning er einkum fengist við tölur og samlagningu á bilinu 1 – 100. Talsverð áhersla er á notkun talnalínu og uppbyggingu sætiskerfisins.
- Húrra hefti – er ætlað að þjálfa nemendur í að glíma við þrautir og fara sínar eigin leiðir í leit að lausnum og útskýra lausnarleiðir sínar. Heftin eiga að efla sjálfstraust nemenda og sjálfstæði þeirra í vinnu, skilning og rökhugsun. Þau auka færni nemenda í lestri og í að greina upplýsingar úr texta.

Helstu kennsluáferðir: Innlögn á töflu í upphafi hvers kafla og létt upprifjun í upphafi hvers tíma. Einstaklingsvinna í bækur, para og hópavinna í ýmsum leikjum og verkefnum. Kennslan brotin upp með stærðfræðihringekjum og lifandi stærðfræðikennslu í anda „Leikur að læra“ hugmyndafræðinnar.

Námsmat: Umsögn í lok vetrar.